

**3588. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 27. febrúar 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

**1. 2405187 - Starfshópur Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar varðandi
rekstrarform Höfða**

Minnisblað starfshóps um starfsemi og rekstur Höfða frá 6. febrúar 2025.

Elsa Lára Arnardóttir formaður starfshópsins og Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri Höfða sitja fundinn undir þessum dagskrárið. Einnig sat Valdís Eyjólfssdóttir fundinn en hún tekur við sem framkvæmdastjóri Höfða í byrjun apríl nk.

Bæjarráð þakkar Elsa Láru Arnardóttur og Kjartani Kjartanssyni fyrir kynninguna.

Afgreiðslu málsins frestað og gert ráð fyrir samtali fari fram á milli eigenda um næstu skref í vinnunni.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að framlengja starfstíma starfshópsins skv. fyrirliggjandi erindisbréfi út árið 2025.

Samþykkt 3:0

Gestir víkja af fundi.

2. 2312188 - Úttekt á rekstri og fjárhag

Ákvörðun varðandi fyrirkomulag á skipulagi vinnunnar.

Ákveðið að bæjarráð hittist á vinnufundum alla fimmtudaga sem ekki eru reglulegir bæjarráðsfundir og verði fundirnir eingöngu nýttir í þetta tilteksverkefni. Gert er ráð fyrir að fyrsti vinnufundur bæjarráðs verði þann 6. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

U

3. 2502175 - Teams fundarboð vegna frumvarps um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Fundur með fulltrúum ráðuneytisins vegna fyrilliggjandi draga að frumvarpi um Jöfunarsjóð sveitarfélaga.

Bæjarráð þakkar fulltrúum innviðaráðuneytisins fyrir komuna á fundinn.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins en frestur til að skila umsögn um frumvarpsdrögum í samráðsgátt stjórvalda hefur verið framlengdur til kl. 12:00 miðvikudaginn 5. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Gestir víkja af fundi.

4. 2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða

Upplýsingagjöf um stöðu málsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun liggur nú fyrir kröfuhafasamkomulag við Leigufélag aldraðra (um 83% endurheimt samþykktra krafna).

Lagt fram.

5. 2412026 - Styttung vinnuvikunnar í leikskólum Akraneskaupstaðar

Skóla- og frístundaráð hefur unnið að því, í samráði við leikskólastjóra, að finna leiðir til að mæta styttingu vinnuviku starfsfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar án þess að til þjónustuskerðingar komi. Ráðið leggur til að sviðsmynd 2 verði innleidd í skrefum. Hún tekur m.a. á nýrri útfærslu á gjaldskrá leikskólanna ásamt breytingum á fyrirkomulagi skráningardaga. Skóla- og frístundaráð leggur til að gjaldskrárbreyting taki gildi 1. apríl n.k. og útfærsla á fyrirkomulagi skráningardaga verði kynnt í vor. Málinu er vísar til afgreiðslu hjá bæjarráði.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir dagskrálið nr. 6.

Bæjarráð er samþykkt því að sviðsmynd 2 verði útfærð frekar og innleidd í áföngum. Bæjarráð gerir ráð fyrir að möguleg útfærsla verði fullmótuð um miðjan mars nk. og samhliða því verði endanlega ákveðið tímamark breytinganna og vandað mjög til allrar upplýsingagjafar vegna þeirra.

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá

6. 2501292 - Áfengissala á íþróttaviðburðum - áskorun á sveitarfélög

Ályktun frá haustfundí Félags íþróttá, æskulýðs- og tómstundafulltrúa (FÍÆT) á Íslandi vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Félagið telur að sala á áfengi á íþróttaviðburðum gangi þvert gegn tilgangi íþróttá og sendi röng skilaboð til barna og ungmenna um tilgang íþróttastarfsemi.

Brúin, forvarnarhópur tekur undir ályktun FÍÆT að öllu leyti og bendir á yfirlýsta stefnu Íþróttabandalags Akraness um að öll neysla vímuefna á íþróttaferöralögum og á öðrum opinberum vettvangi tengt íþróttastarfi ÍA er bönnuð.

Skóla- og frístundaráð tók málið fyrir á fundi sínum þann 5. febrúar 2025 og bókaði að það deildi áhyggjum FÍÆT af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á

W
W/B

undanförnum árum með sölu og neyslu áfengis á íþróttaviðburðum.
Ráðið fól sviðsstjóra að afla upplýsinga um áfengissölu hjá aðildarfélögum ÍA á
íþróttaviðburðum sem börn og ungmenni sækja á þeirra vegum.

Lagt fram.

*Bæjarráð gerir ráð fyrir að málið verði áfram til umræðu á vettvangi
Akraneskaupstaðar í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness.*

Dagný Hauksdóttir víkur af fundi.

**7. 2502234 - Færsla lífeyrisskuldbindingar Akraneskaupstaðar í ársuppgjöri
2024**

Lagt verður fram minnisblað endurskoðanda um breytt fyrirkomulag færslu
lífeyrisskuldbindinga vegna ársins 2024.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi Akraneskaupstaðar situr fundinn undir þessum
dagskrálið.

*Bæjarráð samþykki breytingu á framsetningu á lífeyrisskuldbindingu
Akraneskaupstaðar vegna starfsmanna sem eiga réttindi í B-deild Brúar
lífeyrissjóðs sem verði framvegis færðar undir aðalsjóð í stað þess að þær færist
á aðskildar einingar í A hluta (aðalsjóð og eignasjóð) annars vegar og Gámu í B
hluta hins vegar. Skuldbinding Akraneskaupstaðar vegna þessa mun því
framvegis færast í heild sinni hjá aðalsjóði en ekki hjá eignasjóði og Gámu. Breytt
framsetning hefur engin áhrif samstæðuna.*

Samþykkt 3:0

Jóhann Þórðarson víkur af fundi.

**8. 2303099 - Dalabyggð- beiðni um framkvæmd og rekstur á
barnaverndarþjónustu**

Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi þann 19. desember sl. og gert ráð
fyrir að málið kæmi að nýju fyrir bæjarráð í janúar 2025.

Ráðuneytið greinir frá því að ekki sé unnt að tryggja "skaðleysi" með óyggjandi
hætti, þar sem réttaráhrif slíkt ákvæðis eru í reynd óviss.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs situr fundinn
undir þessum dagskrálið.

*Bæjarráð tekur fram að málið hefur verið til meðferðar í stjórnsýslu
Akraneskaupstaðar um alllangt skeið og í nánu og góðu samtali
Akraneskaupstaðar og Dalabyggðar enda að mjög mörgu að hyggja í svo
mikilvægri og viðkvæmri þjónustu.*

*Bæjarráð telur sérstaklega mikilvægt að við slíkt framsal valds á grundvelli
þjónustusamnings, sé til framtíðar ljós ábyrgð þess sveitarfélags, sem tekur að
sér slíkt verkefni. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er ekkert því til
fyrirstöðu að sveitarfélögin semji sérstaklega um "skaðleysi" þjónustuveitanda
vegna þeirra ábyrgða sem eru undir samkvæmt þjónustusamningnum en að
réttaráhrif sliks eða slíkra ákvæða séu í reynd óljós.*

U
JL

Með hliðsjón af framangreindu sem og þeirri verkefnastöðu sem almennt er uppi í velferðarpjónustu Akraneskaupstaðar ásamt yfirstandandi úttekt KPMG á sviðinu, er það mat bæjarráðs að falla frá áformum um gerð þjónustusamnings sveitarfélaganna um framkvæmd og rekstur á á barnaverndarþjónustu Dalabyggðar.

Sampykkt 3:0

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs frekari úrvinnslu málsins og upplýsa sveitarstjóra Dalabyggðar og starfsfólk velferðarpjónustu sveitarfélaganna um niðurstöðuna.

Sampykkt 3:0

Hildigunnur Árnadóttir víkur af fundi.

9. **2502228 - Tjaldsvæði í Kalmansvík - framlenging á samningi um rekstur**
Tímabært er að taka ákvörðun um framlengingu samnings vegna Tjaldsvæðis.
Bæjarráð vísar málínu til skipulags- og umhverfisráðs og tekur fram að ráðið gerir ekki athugasemd við framlengingu samningsins til eins árs sbr. fyrilliggjandi heimild í 4. gr. samningsins.

Sampykkt 3:0

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.

Lif Þárusdóttir
Ordegríður S. Þorleifsson
Ragnar Sömundsson

Karaðilur Brundin
Sema Albyrðar